

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 501/2004****2007/EES/26/45**

frá 10. mars 2004

**um ársfjórðungslega fjárhagsreikninga opinberra yfirvalda (\*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit Seðlabanka Evrópu <sup>(1)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu <sup>(3)</sup> kemur fram viðmiðunarrámi fyrir sameiginlega staðla, skilgreiningar, flokkanir og reikningsskilareglur sem beita skal við gerð þjóðhagsreikninga aðildarríkjanna vegna hagskýrsluþarfa Bandalagsins svo að fá megi fram niðurstöður sem eru samanburðarhæfar milli aðildarríkjanna.
- 2) Í skýrslu peningamálanefndar um upplýsingakröfur, sem Efnahags- og fjármálaráðið staðfesti 18. janúar 1999, var lögð áhersla á mikilvægi skilvirks eftirlits og samræmingar efnahagsstefna fyrir eðlilega starfsemi Efnahags- og myntbandalagsins og innri markaðarins og að til þess þurfi umfangsmikið hagskýrslu-upplýsingakerfi þaðan sem stefnumótendur fá nauðsynleg gögn til að nota til grundvallar ákvörðunum sínum. Í skýrslunni kemur einnig fram að hagskýrslur til skamms tíma yfir fjármál hins opinbera í aðildarríkjunum skuli njóta forgangs, einkum hjá þeim ríkjum sem taka þátt í Efnahags- og myntbandalaginu, og að markmiðið væri að taka saman í áföngum ársfjórðungsleg fjárhagsleg reikningsskil hins opinbera.
- 3) Ársfjórðungsleg innlend gögn um fjárhagsreikninga (hreyfingar og efnahagsreikningar) opinberra yfirvalda eru stór hluti allra fjárhagsshreyfinga og efnahagsreikninga á evrusvæðinu og eru þýðingarmiklar upplýsingar til stuðnings stefnunni við stjórnun peningamála. Í þessu tilliti og í eigin þágu hefur stjórn Seðlabanka Evrópu samþykkt reglugerðir og viðmiðunareglur til að vernda sendingar gagna, fyrir skemmra tímabil en ár, um fjárhagslegar hagskýrslur og innlenda fjárhagsreikninga til Seðlabanka Evrópu.
- 4) Gerð er krafa um upplýsingar tilsvareandi geira yfir fjárhagsshreyfingar og efnahagsreikninga ríkisins til að ítarleg greining geti farið fram á fjármögnun og fjárfestingum ríkisins eftir tilsvareandi geira og eftir því hver gerningurinn er.
- 5) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 264/2000 frá 3. febrúar 2000 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2223/96 að því er varðar hagskýrslur yfir fjármál hins opinbera til skamms tíma <sup>(4)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2002 frá 10. júní 2002 um ársfjórðungsleg reikningsskil opinberra yfirvalda sem ekki eru fjárhagsleg <sup>(5)</sup> eru tilgreind ársfjórðungsleg reikningsskil opinberra yfirvalda sem ekki eru fjárhagsleg sem aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna).
- 6) Í 2. og 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2223/96 er mælt fyrir um skilyrði fyrir heimild framkvæmdastjórnarinnar til að samþykkja breytingar á aðferðafræði evrópska þjóðhagsreikningakerfisins í því skyni að skýra og bæta inntak kerfisins. Þörf verður á viðbótarfjármagni í aðildarríkjunum til þessarar samantektar á ársfjórðungslegum fjárhagsreikningum opinberra yfirvalda, og heyrir því ákvörðun um hana ekki undir framkvæmdastjórnina heldur skal hún vera samþykkt með sérstakri reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 81, 19.3.2004, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2004, 24. september 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 10.3.2005, bls. 55.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 165, 16.7.2003, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 21. október 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 22. desember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og afstaða Evrópuþingsins frá 10. febrúar 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1267/2003 Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. ESB L 180, 18.7.2003, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 29, 4.2.2000, bls. 4.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 179, 9.7.2002, bls. 1.

7) Hagskýrsluáætlunarnefndin (SPC), sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE <sup>(1)</sup>, og Hagskýrslunefnd um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 91/115/EBE <sup>(2)</sup>, hafa lýst yfir samþykki sínu á drögum að þessari reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

### Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að skrá og skilgreina helstu einkenni þeirra flokka fjárhagshreyfinga evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins (ESA 95), fjáreignir og skuldir opinbera geirans og undirgeira opinberra yfirvalda sem skal í áföngum senda ársfjórðungslega gögn um til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna).

2. gr.

### Samantekt ársfjórðungsgagna: heimildir og aðferðir

1. Með það í huga að fá vandaðar hagskýrslur skulu ársfjórðungsgögn yfir fjárhagshreyfingar og fjáreignir og skuldir byggjast á upplýsingum sem eru fengnar beint frá opinberum yfirvöldum, að svo miklu leyti sem það er hægt. Hins vegar mega ársfjórðungsgögn um óskráð hlutabréf (AF.512) og annað eigið fé (AF.513), samkvæmt skilgreiningum og kóðum í evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfinu (ESA 95), og þau gögn sem eru í eigu hins opinbera vera áætluð með innreiknuðum og framreiknuðum upplýsingum um viðkomandi árleg gögn.

2. Samantekt ársfjórðungsgagna yfir fjárhagshreyfingar og yfir fjáreignir og skuldir skulu fylgja reglum evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins (ESA 95), einkum að því er varðar atvinnugreinaflokkun stofnanaeininga, sameiningarreglur, flokkun fjárhagshreyfinga, fjáreigna og skulda, skráningartíma og matsreglur.

3. Ársfjórðungsgögn og samsvarandi árleg gögn, sem send eru framkvæmdastjórninni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2223/96, skulu vera innbyrðis samræmd.

4. Ársfjórðungsgögn um fjáreignir og skuldir eru útistandandi fjárhæðir fjáreigna og skulda í lok hvers ársfjórðungs.

3. gr.

### Sendingar ársfjórðungsgagna um fjárhagshreyfingar, fjáreignir og skuldir

1. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) ársfjórðungsgögn um fjárhagshreyfingar (F.) og fjáreignir og skuldir (AF.) fyrir eftirfarandi fjármálagæringa, samkvæmt skilgreiningum og kóðum evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins (ESA 95):

a) gulleign seðlabanka og sérstök dráttarréttindi (SDR) (F.1 og AF.1),

b) gjaldmiðil og bankainnstæður (F.2 og AF.2),

c) skammtímaverðbréf önnur en hlutabréf, þó ekki fjármálaafleiður (F.331 og AF.331),

d) langtímaverðbréf önnur en hlutabréf, þó ekki fjármálaafleiður (F.332 og AF.332),

e) fjármálaafleiður (F.34 og AF.34),

f) skammtímalán (F.41 og AF.41),

g) langtímalán (F.42 og AF.42),

h) hlutabréf og annað eigið fé (F.5 og AF.5),

i) hreina eign heimila í líftrygginga- og lífeyrissjóðum (F.61 og AF.61),

j) fyrirframgreiðslur váttryggingaiðgjalda og sjóði fyrir tjónaskuldir (F.62 og AF.62),

k) aðrar viðskiptaskuldir/viðskiptakröfur (F.7 og AF.7).

2. Aðildarríki skulu einnig senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) eftirfarandi ársfjórðungsgögn fyrir undirgeira ríkisins (S.1311), eins og um getur í 4. gr.:

a) skráð hlutabréf (F.511 og AF.511), varðandi fjáreignahreyfingar og fjáreignir,

b) gjaldmiðil (F.21 og AF.21), varðandi skuldahreyfingar og skuldir.

4. gr.

### Umfang opinberra stofnana og undirstofnana

Aðildarríki skulu senda ársfjórðungsgögn fyrir opinbera geirann og undirgeira hans, samkvæmt skilgreiningum og kóðum í evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfinu (ESA 95) sem opinber yfirvöld (S.13), m.a. fyrir:

— ríkið (S.1311),

— ríkisstjórn (S.1312),

— sveitarstjórn (S.1313),

— almannatryggingasjóði (S.1314).

5. gr.

### Tegund ársfjórðungsgagna sem sendingin tekur til

1. Ársfjórðungsgögn, sem um getur í 3. gr., skulu send á samstæðugrundvelli fyrir undirgeira hins opinbera sem um getur í 4. gr.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 59, 6.3.1991, bls. 19. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 96/174/EB (Stjtið. EB L 51, 1.3.1996, bls. 48).

2. Ársfjórðungsgögn, sem um getur í 3. gr., skulu bæði send á samstæðugrundvelli og ekki á samstæðugrundvelli fyrir undirgeira hins opinbera (S.13) sem um getur í 4. gr.

3. Ársfjórðungsgögn með sundurliðun eftir tilsvaramandi geira skulu einnig lögð fram fyrir undirgeira ríkisins (S.1311) og almannatryggingasjóði (S.1314), eins og um getur í 4. gr. og lýst er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6. gr.

### Tímaáætlun fyrir sendingar ársfjórðungsgagna

1. Ársfjórðungsgögnin, sem um getur í 3., 4. og 5. gr., skulu send framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) innan þriggja mánaða frá lokum ársfjórðungsins sem gögnin eiga við um.

2. Leiðrétt ársfjórðungsgögn vegna eldri ársfjórðunga skulu send á sama tíma.

3. Fyrsta sendingin af ársfjórðungsgögnum, sem um getur í 3. gr., að undanskildum öðrum viðskiptaskuldum/viðskiptakröfum (F.7 og AF.7), og í 4. og 5. gr., skal vera í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) fyrir undirgeira ríkisins (S.1311) og almannatryggingasjóði (S.1314) eigi síðar en 30. júní 2004, ef innlend hagskýrslukerfi þarfnast verulegrar aðlögunar er framkvæmdastjórninni heimilt að veita undanþágu vegna upphafsdagsetningar sendingar gagna með sundurliðun eftir tilsvaramandi geira og gagna um fjárhagshreyfingar, fjáreignir og skuldir, þó ekki lengur en í 18 mánuði,

b) fyrir undirgeira ríkisstjórna (S.1312) og sveitarstjórna (S.1313):

i) eigi síðar en 30. júní 2004 fyrir skuldahreyfingar og skuldir eins og fram kemur í 1. mgr. 3. gr., ef innlend hagskýrslukerfi þarfnast verulegrar aðlögunar er framkvæmdastjórninni heimilt að veita undanþágu vegna upphafsdagsetningar þessara gagnasendinga, þó ekki lengur en í 18 mánuði,

ii) eigi síðar en 30. júní 2005 fyrir fjáreignahreyfingar og fjáreignir eins og fram kemur í 1. mgr. 3. gr., ef innlend hagskýrslukerfi þarfnast verulegrar aðlögunar er framkvæmdastjórninni heimilt að veita undanþágu vegna upphafsdagsetningar þessara gagnasendinga, þó ekki lengur en í sex mánuði,

c) fyrir hið opinbera (S.13), eigi síðar en 30. júní 2005, ef innlend hagskýrslukerfi þarfnast verulegrar aðlögunar er framkvæmdastjórninni heimilt að veita undanþágu vegna upphafsdagsetningar þessara gagnasendinga, þó ekki lengur en í sex mánuði.

4. Fyrsta sending ársfjórðungsgagna til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) vegna annarra viðskiptaskulda/viðskiptakrafna (F.7 og AF.7) og vegna hins opinbera (S.13) og undirgeira þess, eins og um getur í 4. gr., skal eigi fara fram síðar en 30. júní 2005. Ef innlend hagskýrslukerfi þarfnast verulegrar aðlögunar er framkvæmdastjórninni heimilt að veita undanþágu vegna upphafsdagsetningar þessara gagnasendinga, þó ekki lengur en í sex mánuði.

7. gr.

### Ákvæði varðandi gögn fyrir fyrri ár

1. Ársfjórðungsgögn, sem um getur í 6. gr., skulu taka til gagna fyrir fyrri ár um fjárhagshreyfingar frá fyrsta ársfjórðungi 1999 og efnahagsreikninga frá fjórða ársfjórðungi 1998, í samræmi við tímaáætlunina sem tilgreind er í 3. og 4. mgr. 6. gr. um fyrstu gagnasendinguna.

2. Ef þörf er á má byggja gögn fyrir fyrri ár á „besta mati“, einkum að því er varðar ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr.

8. gr.

### Framkvæmd

1. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té lýsingu á heimildum og aðferðum, sem beitt er til að taka saman ársfjórðungsgögn, sem um getur í 3. gr. (upphaflega lýsingu), þegar þau hefja sendingu á ársfjórðungsgögnum í samræmi við tímaáætlunina sem um getur í 3. og 4. mgr. 6. gr.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) um allar breytingar á þessari upphaflegu lýsingu þegar þau senda umrædd breytt gögn.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal upplýsa hagskýrsluáætlunarnefndina og hagskýrslunefndina um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð um heimildir og aðferðir sem hvert og eitt aðildarríki beitir.

9. gr.

### Skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli þeirra gagna sem um getur í 3., 4. og 5. gr. og að höfðu samráði við hagskýrsluáætlunarnefndina og hagskýrslunefndina um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um mat á áreiðanleika ársfjórðungsgagnanna, sem aðildarríkin afhenda, eigi síðar en 31. desember 2005.

10. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 10. mars 2004.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

D. ROCHE

*forseti.*

VIÐAUKI

SUNDURLIÐUN EFTIR TILSVARANDI GEIRA <sup>(1)</sup>

Ríkið (S.1311) og almannatryggingasjóðir (S.1314), fjárhagshreyfingar og efnahagsreikningar <sup>(2)</sup>

Tilsvarandi geiri/undirgeiri  Flokkur/undirflokkur	Fyrirtæki sem eru ekki fjármálfyrirtæki (S. 11)	Fjármálfyrirtæki (S. 12)		Heimili, þ.m.t. sjálfseignastofnir sem þjóna heimilum (S.14+S.15)	Aðrir staðir í heiminum (S.2)
		Samtals	Tryggingafélög og lífeyrissjóðir (S. 125)		

**Fjáreignir**

Skammtímaverðbréf önnur en hlutabréf, þó ekki fjármálaafleiður (F.331 og AF.331)				
Langtímaverðbréf önnur en hlutabréf, þó ekki fjármálaafleiður (F.332 og AF.332)				
Skammtímalán (F.41 og AF.41)				
Langtímalán (F.42 og AF.42)				
Hlutabréf og annað eigið fé (F.5 og AF.5)				

**Skuldir**

Skammtímalán (F.41 og AF.41)	
Langtímalán (F.42 og AF.42)	

<sup>(1)</sup> Reitir sýna kröfur um skýrslugjöf.

<sup>(2)</sup> Kóðarnir, sem eru teknir úr evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfinu, sýna: S: geira/undirgeira; F: fjárhagshreyfingar, og AF: liði í efnahagsreikningi